

## Október fréttablað



### **Haustþing**

Föstudaginn 13. október er haustþing leikskóla á suðurlandi og fer allt starfsfólk á Bergheimum þangað. Leikskólinn verður því lokaður þennan dag. Haustþing er þannig byggt upp að það kemur starfsfólk af öllum leikskólum á suðurlandi frá Kirkjubæjarklaustri að Þorlákshöfn og fer á ýmis námskeið eða fyrirlestra á þessum degi.

### **Bleikur litadagur**

Október er mánuður brjóstakrabbameins og höldum við uppá hann þann 6. október. Þá ætla allir að mæta í einhverju **bleiku** eða með eitthvað **bleikt** á sér. Gaman væri að sem flestir sæju sér fært að taka þátt í þessum degi með okkur og gaman væri að sjá einnig foreldra klæðast **bleiku** á þessum degi.

### **Bílar í gangi á bílastæði**

Of mikið ber á því bæði á morgnana og seinni partinn að bílar eru skildir eftir í gangi á meðan foreldrar fara inn í leikskólann. Viljum við biðja fólk um að drepa á bílunum því útblásturinn fer mjög auðveldlega inn um glugga og í nærliggjandi bíla.

### **Ný stjórn foreldrafélags**

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldin 13. september og var mæting prýðileg. Kosnir voru tveir nýir fulltrúar en þrír úr eldri stjórninni halda áfram. Stjórnin skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt: Sigríður Vilhjálmsdóttir ritari, Erla Sif Markúsdóttir gjaldkeri, Helga Jóna Gylfadóttir meðstjórnandi, Arndís Lára Sigtryggsdóttir meðstjórnandi og Ingólfur Arnarson formaður

### **Foreldrafundir**

Árlegir foreldrafundir deildanna eru byrjaðir en fyrsti fundur var á Goðheimum 27. september sl. Næsti fundur verður miðvikudaginn 4. október á Hulduheimum kl. 8.10. miðvikudaginn 11. október verður fundur á Tröllaheimum kl. 8.10, fundurinn á Álfaheimum verður miðvikudaginn 18. október og síðasti fundurinn verður á Dvergaheimum miðvikudaginn 25. október. Á þessum fundum fá foreldrar hagnýtar upplýsingar um leikskólann og starfið á deildunum og er því mikilvægt að foreldrar mæti. Fundirnir eru haldnir á kaffistofu starfsfólks.

### **Haust veðrátta**

Veðrið á þessum árstíma getur verið ansi rýsjótt og er því gott að hafa alltaf pollaföt meðferðis þótt ekki rigni að morgni. September var frekar hlýr og hefur ekki ennþá verið þörf fyrir kuldagallann en sá tími gæti farið að koma. Það er gott að hafa bæði þykkar og þunnar húfur í hólfunum áfram þar til kólnar fyrir alvöru.

## Kartöflu uppskera

Búið er að taka upp kartöflur sem settar voru niður síðasta vor uppskeran var frekar rýr og kartöflurnar smáar en góðar voru þær eins og smælki er reyndar. Eldhúsfólkið okkar sauð þessar kartöflur með hádegismatnum.

## Aðlögun nýrra barna

Aðlögun nýrra barna er að ljúka í október þá eru 88 nemendur í leikskólanum á 5 deildum. Bergheimar halda áfram að vera fjölþjóðlegir en 33 nemendur eiga annað hvort annað eða báða foreldra af erlendum upphura. Löndin sem nemendur eru frá auk Íslands eru: Pólland, Rúmenía, Argentína, Kenýa, USA, Slóvakía, Tæland og Búlgaría.

## Hliðið

Við viljum minna aftur á að það er nauðsynlegt að loka hliðinu þegar gengið er um það, börnin geta verið fljót að hlaupa út á bílaplan ef það er skilið eftir opið. **Vinsamlega leyfið börnunum ekki að opna hliðið þegar þau koma eða fara það er öruggast að þau kunni hvorki að opna né loka því.**

### Vikan 1.-7. október

- |                                                                                                                                                                            |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 4. október foreldrafundur á Hulduheimum kl. 8.10<br>5. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.<br>6. október söngstund og <b>bleikur litadagur</b> |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### Vikan 8.-14. október

- |                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 10. október Félag eldri borgara koma á Hulduheima og lesa eða segja sögu.<br>11. október foreldrafundur á Tröllaheimum kl. 8.10.<br>12. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.<br>13. október Haustþing starfsfólks leikskóla á suðurlandi, <b>leikskólinn lokaður</b> |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### Vikan 15.-21. október

- |                                                                                                                                                  |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 18. október foreldrafundur á Álfaheimum kl 8.10.<br>19. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.<br>20. október söngstund |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### Vikan 24.-30. október

- |                                                                                                                                                    |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 25. október foreldrafundur á Dvergaheimum kl 8.10.<br>26. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.<br>27. október söngstund |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Með haustkveðju  
Elsa aðstoðarleikskólastjóri